

Nd.

102. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við nokkur nýjustu hafnarlög. Ennfremur hefir hún fengið umsögn vitamálastjóra um málið.

Rétt þykir, að ákvæði um ábyrgðarheimild verði takmörkuð við $\frac{1}{2}$ kostnaðar, í samræmi við þá reglu, sem upp var tekin við setningu hafnarlaga á síðasta þingi. Líka þykir eðlilegt, að kosning hafnarnefndar fari fram í byrjun kjörtímabils sveitarstjórnar og gildi kjörtímabilið. Kemur það betur heim við starfsreglur sveitarstjórna, og myndi réttast að breyta tilsvareandi ákvæðum eldri hafnarlaga að þessu leyti.

Bráðabirgðaáætlun vitamálaskrifstofunnar um kostnað við hafnarbæturnar er prentuð með nál. sem fylgiskjal. En nefndin hefir aflað sér upplýsinga um, að í þá áætlun vantar bryggjugerð, sem talin er nauðsynleg síðar. Er því eigi ástæða til að lækka þá kostnaðarupphæð, sem frv. gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en $\frac{1}{2}$ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með

- verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.
2. Við 3. gr. Í stað „hafnarmerki“ í upphafi greinarinnar komi: takmörk hafnarinnar.
 3. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „sem hafnargerðin ... bætur komi fyrir“ komi: sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.
 - b. Orðin „og skipi þá atvinnumálaráðherra 5. mann í gerðina, sem þá er formaður nefndarinnar“ falli niður.
 4. Við 7. gr. Síðari másl. orðist svo:
Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.
 5. Við 10. gr. e-liður orðist svo:
 - e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Alþingi, 16. marz 1938.

Vilm. Jónsson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Kristjánsson.
form. fundaskr., frsm.
Skúli Guðmundsson. Sig. Ein. Hliðar.

Fylgiskjal.

Áætlun vitamálastjóra um hafnargerð á Raufarhöfn.

Bráðabirgðakostnaðaráætlanir.

Tilhögun I.

Fullkomin dýpkun hafnarsvæðisins, uppmoksturinn ekki notaður til nýrra hafnarvirkja. Stækkun bryggju:

80000 m ³ dýpkun á kr. 1.63 pr. m ³	kr. 130000.00
Stækkun og lagfæring á bryggju	— 50000.00
Samtals	kr. 180000.00

Tilhögun II.

Fullkomin dýpkun hafnarsvæðisins og uppmoksturinn notaður í uppfyllingu:

84000 m ³ dýpkun á kr. 1.58 pr. m ³	kr. 132500.00
17000 m ² uppfylling með 185 m. bryggju.	— 187355.00
A) Samtals	kr. 319855.00

Til viðbótar ef vill:

17500 m ³ dýpkun á kr. 0.97 pr. m ³	kr. 17000.00
4700 m ² uppfylling	— 25000.00
B) Samtals	kr. 361855.00

Tilhögun III.

Stækkun legu og rýmkun innsiglingar, miðað við 4,0 m. dýpi, 5,0 m. dýpkun við bryggju. Stækkun bryggja:

28000 m ³ dýpkun á kr. 2.48	kr. 69500.00
Stækkun og lagfæring á bryggjum	— 50000.00
Samtals	kr. 119500.00

Fullnaðardýpkun hafnarsvæðisins til viðbótar við tilhögun III, framkvæmd síðar:

52000 m ³ dýpkun á kr. ca. 2.10	kr. 109000.00
Framkvæmdir við tilhögun III	— 119500.00
Samtals	kr. 228500.00